

**40. fundur Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd haldinn Strandgötu 38,  
6. maí 2019  
og hófst hann kl. 17:00.**

**Fundinn sátu:**

Einir Steinn Björnsson (ESB), Benedikt Davíð Hreggviðsson (BDH), Aðalsteinn Magnússon (AM), Bryndís Sigurðardóttir (BS), Jóhann Birkir Helgason (JBH) og Óskar Örn Gunnarsson (ÓÖG) sem tók þátt í síma.

**Fundargerð ritaði:** Jóhann Birkir Helgason

**Dagskrá:**

Hér mætir Óskar Örn Gunnarsson til fundar.

**1. Tungusilungur breyting á deiliskipulagi - 1902423**

Breyting á deiliskipulagi fyrir Tungusilung, lóð undir fiskeldi og seiðisstöð sem var endurauglýst með athugasemdafresti til 4. apríl, tekið fyrir að nýju eftir auglýsingu. Engar athugasemdir bárust við tillöguna. Umsagnir höfðu þegar borist frá Minjastofnun, Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða og Vegagerðinni.

*Skipulags-, byggingar- og umhverfisnefnd samþykkir tillöguna og beinir því til sveitarstjórnar að deiliskipulagsbreytingin verði send til Skipulagsstofnar til afgreiðslu skv. 42. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010.*

**2. Aðalskipulag endurskoðun - 1809041**

Í tengslum við endurskoðun aðalskipulags Tálknafjarðar í samræmi við ákvörðun sveitarstjórnar samkvæmt 35.gr skipulagslaga nr. 123/2010 er lögð fram skipulags- og matslýsing, dagsett apríl 2019.

Skipulags- og matslýsing er lýsing á hvernig uppfært aðalskipulag verður og sett fram í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Nefndin leggur til við sveitarstjórn að skipaður verði skipulagshópur vegna aðalskipulagsvinnunnar. Mikilvægt er að a.m.k. einn úr Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd og einn úr sveitarstjórn verði í hópnum.

*Skipulags-, byggingar- og umhverfisnefnd leggur til að sveitarstjórn samþykki lýsinguna til auglýsingar skv. 1. mgr. 30. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 og að hún verði send til umsagnaraðila.*

**3. Guðmundur M. Ástþórsson. Umsókn um lóð, Dunhagi. - 1706039**

Tekið fyrir minnisblað byggingarfulltrúa eftir samtal við Guðmund Má. Umsækjandi leggur áherslu á að gengið verði frá aðal- og deiliskipulagi sem fyrst.

*Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd áréttar fyrri bókun sína og vísar málinu til sveitarstjórnar til afgreiðslu.*

Hér víkur Óskar Örn Gunnarsson af fundi.

**4. Beiðni um friðlýsingu á Sveinseyrarodda - 1903106**

Tekið fyrir erindi frá Guðríði Birnu Jónsdóttur dags. 25. mars 2019 þar sem óskað er eftir samþykki nefndarinnar á endurnýjun á friðlýsingu á Sveinseyrarodda vegna æðarvarps sem þar er.

*Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að heimila friðlýsingu á Sveinseyrarodda. Sveinseyraroddi er hverfisverndaður í aðalskipulagi vegna æðar- og kríuvarps.*

Benedikt Hreggviðsson vísar af fundi undir þessum lið

#### **5. 20 m<sup>3</sup> olíutankur í Norður Botni - 1905001**

Tekið fyrir erindi frá Sigurvini Hreiðarssyni fyrir hönd Arctic Smolt hf. dags. 29. apríl 2019 þar sem sótt er um leyfi til að setja niður 20.000 lítra olíutank við H1 í Norður Botni.

*Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd bendir á að umsækjandi þarf að fá umsögn frá Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða og eldvarnareftirliti vegna erindisins. Þá bendir nefndin á að umrædd staðsetning virðist vera utan deiliskipulagsreits. Leggja fram þarf nánari gögn áður en nefndin tekur afstöðu til málsins, afstöðumynd þarf að sýna gildandi skipulag ásamt málsettri fjarlægð frá næsta húsi.*

Benedikt Hreggviðsson kemur inn á fundinn

Aðalsteinn Magnússon vísar af fundi undir þessum lið

#### **6. Hrafnadalur Plan í Hrafnadal - 1901240**

Lagður fram tölvupóstur dags. 16. janúar 2019 frá Aðalsteini Magnússyni ásamt kostnaðaráætlun vegna frágangs á brunaleifum í Hrafnadal.

*Nefndin þakkar fyrir erindið, en málið hefur breyst og málinu því hafnað.*

Aðalsteinn Magnússon kemur inn á fundinn

#### **7. Umsókn um byggingarleyfi Móatún 9. - 1306070**

Tekið fyrir erindi Gunnlaugs B Jónssonar fyrir hönd Huga Jónssonar dags 24. apríl 2019 þar sem sótt er um leyfi til að byggja bílskúr og viðbyggingu við húsið að Móatúni 9, Tálknafirði skv. teikningum gerðum af Gingi teiknistofu.

*Erindið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar þann 5. júlí 2013 og samþykkt með fyrirvara um leyfi nágranna og fullnægjandi hönnunargögn. Fyrir liggur samþykki nágranna ásamt byggingarnefndarteikningum. Byggingarfulltrúa falið að veita byggingarleyfi.*

Hér mætir Davíð Rúnar Gunnarsson slökkviliðsstjóri til fundar.

#### **8. Strandgata 36, óleyfisíbúðir - 1904159**

Tekið fyrir bréf byggingarfulltrúa dags. 30. apríl 2019 er varðar óleyfisíbúðir við Strandgötu 36, Tálknafirði.

*Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd bendir á að heimild fékkst frá nefndinni árið 1998 að breyta notkun hússins. Nefndin felur byggingarfulltrúa að skoða málið og senda bréf til húseiganda og fá upplýsingar um málið. Nefndin bendir á að húsnæðið er á svæði sem er skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði.*

#### **9. Strandgata 25, íbúðir í iðnaðarhúsnæði - 1904157**

Tekið fyrir bréf byggingarfulltrúa dags. 30. apríl 2019 er varðar óleyfisíbúðir við Strandgötu 25, Tálknafirði.

*Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd felur slökkviliðsstjóra, byggingarfulltrúa og*

*sveitarstjóra falin heimild til að rýma húsið eins fljótt og auðið er. Í húsnæðinu er ammoníak sem getur valdið hættu fyrir þá sem gista í húsnæðinu. Nefndin bendir á að húsnæðið er á svæði sem er skilgreint hafnarsvæði og því ekki heimilt að hafa íbúðir á svæðinu.*

Hér vísar Davíð Rúnar Gunnarsson af fundi.

#### **10. Innheimta fyrir geymslusvæði í Hrafnadal - 1812151**

Lagður fram tölvupóstur frá Jóni Erni Pálssyni dags. 19. desember 2018 f.h. Nýskel, þar sem hann hafnar því að greiða reikning vegna geymslupláss í Hrafnadal.

*Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd bendir á að telji bréfitari sig ekki eiga umrædda muni verði þeim eytt ef enginn telur sig eiga þá á kostnað sveitarfélagsins. Nefndin leggur til að reikningur verður felldur niður.*

#### **11. Umsókn um stöðuleyfi - 1902511**

Lögð fram umsókn frá Jónasi Snæbjörnssyni fyrir hönd Arnarlax dags 10. janúar 2019 þar sem sótt er um stöðuleyfi fyrir gám við Strandgötu 43, Tálknafirði.

*Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir að veita stöðuleyfi fyrir gám til samræmis við umsókn. Stöðuleyfið er veitt til eins árs í senn. Gjald fyrir stöðuleyfi utan skipulags geymslusvæðis er kr. 40.000,- pr. gám.*

Aðalsteinn Magnússon vísar af fundi undir þessum lið

#### **12. Athugasemd vegna stöðuleyfa - 1902463**

Lagt fram bréf ódagsett frá Guðjóni Indriðasyni þar sem gjaldtaka fyrir stöðuleyfi gáma í eigu Þórsberg er hafnað.

*Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd hafnar því sem fram kemur hjá bréfitara og bendir á G-lið greinar 2.3.5 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Stöðuleyfisgjöldin standa óbreytt.*

Aðalsteinn Magnússon kemur inn á fund

#### **13. Ósk um niðurfellingu á stöðuleyfisgjaldi - 1903003**

Tekið fyrir erindi frá Marinó Bjarnasyni dags. 19.02.2019 þar sem óskað er eftir niðurfellingu á stöðuleyfisgjaldi vegna gáms og vísað því til stuðnings til greinar 2.3.5 lið g í byggingarreglugerð nr 112.

*Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd fellst á rök bréfitara. Samkvæmt G lið greinar 2.3.5 í byggingarreglugerð nr. 112/2012 m.s.br. segir að smáhýsi að hámarki 15 ferm, úr léttum byggingarefnum til geymslu garðáhalda o.þ.h. séu undanþegnar byggingarleyfi. Stöðuleyfisgjald skal því fellt niður.*

#### **14. Jörðin Innsta-Tunga - 1904091**

Tekið fyrir erindi frá Margréti Magnúsdóttur dags. 15.04.2019 er varðar jörðina Innsta-Tunga. Óskað er eftir upplýsingum um hversu stór jörðin Innsta-Tunga var þegar hreppurinn kaupir jörðina, hversu stórar eru lóðirnar sem voru undarskildar og hversu stórt landið Breiði-Partur sé.

*Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd felur byggingarfulltrúa og sveitarstjóra að svara erindinu.*

Benedikt Hreggviðsson vísar af fundi undir þessum lið

#### **15. Fráveitulögn frá seiðaeldisstöð - 1904150**

Tekið fyrir erindi frá Sigurvini Hreiðarssyni fyrir hönd Arctic Smolt hf. dags. 5.

febrúar 2019 þar sem sótt er um leyfi til að leggja frárennslislögn frá seiðaeldisstöð í Norðurbotni og í um 110 metra frá stórstaumsfjöru. Meðfylgjandi umsókn er yfirlitsmynd sem sýnir legu lagnarinnar.

*Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir erindið en óskar eftir nánari teikningum.*

Benedikt Hreggviðsson kemur til fundar

#### **16. Starthús - umsókn um byggingarleyfi - 1905030**

Lagður fram tölvupóstur frá Birni M Magnússyni fyrir hönd Bæjarvíkur ehf. dags. 30. apríl 2019 þar sem óskað er eftir heimild til að fara í jarðvegsframkvæmdir á svæðinu til samræmis við deiliskipulag.

*Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd felur byggingarfulltrúa að veita graftrarleyfi með fyrirvara um leyfi Minjastofnunar.*

#### **17. Samningur um veghald á þjóðvegum innan þéttbýlismarkna 2018 - 1901248**

Lagt fram bréf frá Sigurði Mar Óskarssyni f.h Vegagerðarinnar dags. 1. desember 2018 er varðar samning um veghald á þjóðvegum innan þéttbýlismarkna.

*Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd bendir á að sveitarstjórn hefur þegar hafnað samningnum.*

#### **18. Boð um þátttöku á samráðsvettvangi. Loftslag, landslag, lýðheilsa - nýtt landsskipulagsferli að hefjast - 1903039**

Tekið fyrir erindi frá Ásdísi Hlökk Theodórsdóttur fh Skipulagsstofnunar dags. 13. mars 2019 þar sem kynnt er nýtt landslagsskipulagsferli um loftslag, landslag og lýðheilsu. Óskað er eftir skráningu tengiliða í samráðsvettvang.

*Lagt fram til kynningar.*

*Byggingarfulltrúi mætti á samráðsfund á Ísafirði.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:45.**

---

Einir Steinn Björnsson (ESB)

---

Benedikt Davíð Hreggviðsson  
(BDH)

---

Aðalsteinn Magnússon (AM)

---

Bryndís Sigurðardóttir (BS)

---

Jóhann Birkir Helgason